

## Ludwig Wittgenstein. Fáein atriði speki hans í tveim heimspekisöguritum

Ludwig Wittgenstein (1889-1951), austurrískur-breskur heimspekingur, kennari við Háskólann í Cambridge, nam undir Bertrand Russel. Fékkst einkum við heimspeki stærðfræðanna, huga og tungumáls.

„Nútímahugmyndin um heiminn er öll reist á þeirri blekkingu að hin svokölluðu náttúrlögmál séu skýringar á náttúrufræðingum. Og hann bætti við að jafnvel þegar öllum mögulegum vísindalegum spurningum hefði verið svarað væru vandamál lífsins eftir sem áður algerlega ósnert.“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar, Hib 2002, s. 132)

„Á unglingsárum sínum hafði Wittgenstein lesið Schopenhauer og komist að þeirri niðurstöðu að Schopenhauer hefði í grundvallatriðum rétt fyrir sér. Það sem eftir var ævinnar aðhylltist hann það viðhorf til veruleikans að hann væri tvískiptur: annars vegar heimur sem við getum ekki haft neinn skilning á og þar sem með ekkert sagt um og hins vegar er fyrirbæraheimur reynslu okkar sem við getum talað um og reynt að skilja. Hann taldi alltaf að skiljanleg heimspeki þyrfti að takmarka sig við heiminn sem við getum talað um, því ef hún stigi yfir landamærin yrði hún merkingarlaust blaður.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning, 2002, s. 202.)

„Wittgenstein hélt því stöðugt fram að tungumálið væri opinbert. Við lærum tungumálið og hvernig á að nota það af öðru fólki við félagslegar aðstæður. Hann segir að ekki geti verið til einkatungumál: það væri mótsögn við sjálft eðli tungumálsins. Wittgenstein taldi raunar að orð drægju merkingu sína á endanum af hinum ýsu sviðum lífsins. Til dæmis er heill heimur vísindalegra athafna og vísindahugtök draga merkingu sína af því hvernig þau eru notuð innan þess heims – og það kann vel að breytast með tímanum. Á sama hátt er til trúarlegur heimur sem býr yfir sínu eigin tungumáli, tónlistarheimur, viðskiptaheimur, hernaðarheimur, leikhúsheimur o.s. frv. Það sem virðist vera sama hugtakið getur gegnt mjög ólíkum hlutverkum í þessum mismunandi heimum. ...Það var þessi þáttur í heimspeki Wittgensteins sem félagsfræðingar og mannfræðingar sáu fyrstir manna hag sinn í að nota.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning, 2002, s. 205-206.)

„...lykilhugtak Wittgensteins um svokölluð „málspil“ felur í sér að tungumálið er gert að hluta málathafnar þar sem orð, fyrirætlanir og fyrirbæri mynda sameiginlegan sjóndeildarhring þannig að skil tungumáls og veruleika verða óljós. Því viðhorfi er vísað á bug að annars vegar sé tungumálið með hugtökum sínum og hins vegar séu hlutirnir sjálfir óháðir tungumálinu í þekkingarfræðilegum skilningi...

Heimspeki er aðferð eða iðja sem leysir hnúta orða og hugtaka án þess að halda nokkru fram sjálf. Að þessu leyti á aðferð rökgreiningarheimspekings nokkuð skylt við ljósmóðurstarf Sókratesar.....

Almennt má segja að aðferðin hvíli á þeirri forsendu að allir sem búa við veruleika tiltekins tungumáls hljóti að ráða yfir þekkingu á reglum sem gilda um merkingu í viðkomandi tungumáli, hvort sem þeim er það ljóst eða ekki. Án slíkrar þekkingar er sameiginlegt tungumál ekki mögulegt. Heimspekileg rökgreining snýst meðal annars um að koma orðum að því sem menn vissu án þess að gera sér grein fyrir því, að afhjúpa, með greiningu og rökum, óskráðar og ósagðar reglur sem gilda um notkun tungumálsins.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 683-684.)

„Málspil skarast að meira eða minna leyti. Reglur hvers spils eru að nokkru leyti sameiginlegar með öðrum spilum. Setningar geta því haft sameiginlega merkingu að nokkru leyti, þær sýna ákveðið ættarmót án þess að um skýra samsemd sé að ræða.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 684.)

„Samkvæmt kenningu Wittgenstein er skilningur á samfélagi fólgin í því að skilja samsafn þeirra málspla sem þar viðgangast. Að skilja málspil er enn fremur að skilja það út frá hugtökum og reglum þess sjálfs. Ekki má nota önnur hugtök og reglur, til dæmis með því að vísa til orsakaskýringa.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 685.)

„Í þessari kenningu er fólgin eins konar forskilvitleg heimspeki um tungumálið. Samkvæmt henni hljóta ákveðnar sameiginlegar reglur eða lögmál að gilda um öll tungumál. Þessar reglur eru þá burðarásar allrar hugsanlegrar merkingar.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 685.)